

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Reykjanesbæ.

Brekadalur 67, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 19. mars 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Brekadal 67.

Heimild til byggingar á 4,5 m skyggni.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Flugvellir 2 og 4, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 19. mars 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Flugvelli 2 og 4.

Lóðin Flugvellir 4 er sameinuð lóðinni Flugvellir 2.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Iðnaðar- og orkuvinnslusvæði á Reykjanesi, deiliskipulagsbreyting.

Bæjarstjórn Reykjanesbæjar hefur þann 7. maí 2019 samþykkt deiliskipulagsbreytingu iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi er varðar hækkun skiljustöðvar og lagnaleiðir.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 13. júní 2019.

Kjartan M. Kjartansson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 28. júní 2019